



Slakað á aðhaldi í fjárlögum 2020 – opinber fjárfesting minni en ætlað var

Fjárlagafrumvarp slakar á aðhaldi

Fjárlög voru samþykkt á dögnum í samræmi við breytingartillögur meirihluta fjárlaganefndar.¹ Niðurstaðan varð því tæplega 10 ma.kr. halli á fjárlögum næsta árs. Samkvæmt þessu nemur hallinn um 0,3% af vergri landsframleiðslu en óvissusvigrúm vegna tilslökunar, sem kveðið var á um í fjármálastefnu 2020-2024, hljóðaði upp á hámark 0,8% af VLF fyrir árin 2019-2022.

Þjóðhagsreikningar – samneysla eykst stöðugt, en fjárfestingar sveiflukenndar

Samkvæmt niðurstöðum þjóðhagsreikninga jókst samneyslan um 2,8% á fyrstu þremur fjórðungum ársins miðað við sama tíma á síðasta ári. Opinber fjárfesting dróst hins vegar saman um 5,8% á sama tíma.




Umfang samneyslunnar í hlutfalli við landsframleiðslu er jafnan mismunandi innan ársins, minnst á 3. ársfjórðungi þegar sumarleyfi hafa mikil áhrif á starfsemi hins opinbera. Svo er að sjá sem þessar sveiflur hafi aukist frá árinu 2010.

Sveiflur í opinberri fjárfestingu eru einnig töluverðar innan ársins og eru fjárfestingar oft minnstar á 1. ársfjórðungi þegar erfiðara er um framkvæmdir.

Þróun samneyslu á síðustu árum

Samneysla jókst stöðugt að raungildi allt frá aldamótum fram til ársins 2008. Eftir það fór hún lækkandi fram til ársins 2012 þegar hún fór að hækka aftur. Samneyslan náði ekki fyrra hámarki sínu frá 2008 fyrr en á árinu 2017 og síðan bættist enn við 2018.

Annar mælikvarði á samneysluna er hlutdeild hennar í landsframleiðslunni (VLF), en hún varð hæst um 25% á árunum 2003 og 2008. Hluttur



¹ Sjá Hagsjá frá 18. nóvember - <https://umraedan.landsbankinn.is/umraedan/efnahagsmal/frett/2019/11/18/Hagsja-Frumvarp-til-fjarlaga-2020-slakad-a-adhaldi-til-ad-maeta-efnahagssamdrætti/>



samneyslu af VLF lækkaði stöðugt frá 2008 fram til 2016 en hefur hækkað síðan. Hluttur samneyslu af VLF í fyrra var 1,3 prósentustigum minni en var 2008.

Síðustu ársfjórðunga hefur heldur dregið úr vexti samneyslu og hefur aukningin verið u.þ.b. 3% á ári síðustu fjórðunga.

Opinber fjárfesting ekki í samræmi við væntingar

Frá aldamótum hefur hlutfall opinberrar fjárfestingar af VLF verið að meðaltali 3,8% á ári. Hæstu gildin voru 5,1% á árunum 2000 og 2001 og lágsta gildið var 2,7% á árinu 2013. Gildið fyrir 2018 var 3,9% sem er nálægt meðaltali frá aldamótum.


Í gildandi fjármálastefnu og fjármálaáætlun stjórnvalda hafa verið yfirlýsingar um nauðsyn aukinnar opinberrar fjárfestingar, sérstaklega í innviðum. Sérstaklega hefur verið bent á að einmitt nú, þegar atvinnuvegafjárfesting er í lágmarki, sé lag fyrir hið opinbera til þess að stíga inn og láta til sín taka.

Eins og getið var um hér að framan hafa verið miklar sveiflur í opinberri fjárfestingu að undanförunu. Á fyrstu þremur fjórðungum ársins dróst opinber fjárfesting t.d. saman um tæp 6% frá sama tíma á síðasta ári. Þá dróst fjárfestingin einnig saman um 6% milli 2. og 3. ársfjórðungs í ár. Fjárfestingin stökk upp í miklar hæðir á 4. ársfjórðungi í fyrra vegna Hvalfjarðarganganna og því þarf mikið að gerast til þess að breytingin á milli 2018 og 2019 verði jákvæð.

Í afgreiðsluferli fjárlagafrumvarpsins voru framlög til nýbyggingar Landspítalans lækkaðar um 3,5 ma.kr. vegna tafa á framkvæmdum. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir fjárfestingu upp á 72,4 ma.kr. Hækkunin frá árinu 2019 nemur rúmum 10 ma.kr. sem sé aukning um 17%.


Opinber fjárfesting af því tagi að taka við Hvalfjarðargöngum eða greiða viðbótarkostnað vegna ferju sem þegar er komin í notkun er væntanlega ekki sú innviðafjárfesting sem stefnt var að í fjármálastefnu. Það lítur því út fyrir að sú stefna ríkisstjórnarinnar að koma sterkt inn á sama tíma og atvinnuvegafjárfesting er að dragast saman sé ekki að takast sem skyldi. Mikilvægt er að áform um aukna fjárfestingu hins opinbera á næstu misserum verði hrundið í framkvæmd tímanlega því annars er

Breyting samneyslu frá fyrra ári




Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Opinberar fjárfestingar á föstu verðlagi ársins 2018



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Breyting opinberrar fjárfestingar frá fyrra ári



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans



hætt við að þær komi til þegar hagsveiflan hefur snúist á ný og magni því hagsveifluna fremur en að vera hagsveiflujafnandi eins og ætlunin er.

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.